# NORRÆNN LOFTSLAGSDAGUR
# 11. NÓVEMBER 2009

norden

Nordisk Klimadag
11. november 2009




### KOMDU SKÓLANUM ÞÍNUM Á NORRÆNA LOFTSLAGSKORTIÐ!

Haustið 2009 mun Norræna ráðherranefndin beina sjónum að kennslu á Norðurlöndunum um loftslagsmál. Allir grunn- og framhaldsskólar á Norðurlöndunum geta tekið þátt í Norræna loftslagsdeginum með því sýna hvernig þeir taka, á virkan þátt, ábyrgð á loftslagsmálum.

### FYRIR ALLA!

**Komdu skólanum þínum á norræna loftslagskortið.**

Hvernig hafa nemendur þínir unnið með loftslagsmál? Það getið þið sýnt með því að skrá verkefnin ykkar á stórt gagnvirkt kort af Norðurlöndunum. Þar verður einnig hægt að skoða það sem starfssystkin þín hafa gert í næsta bæ eða jafnvel í norrænum vinabæ.

Til dæmis væri hægt að láta nemendur gera stuttmynd, þannig að auðveldara væri fyrir norræna granna að skilja verkefnið; eða þá að láta nemendur skrifa loftslagsfréttir. Verkefnin geta verið eins fjölbreytt og við erum mörg, en við hvetjum til þess að deila góðum hugmyndum með norrænum starfssystkinum.

Í haust mun Norræna ráðherranefndin verðlauna nokkur verkefni mánaðarlega sem dregin verða úr þeim verkefnum sem skráð hafa verið á loftslagskortið. Nánari upplýsingar á klimanorden.org



### SÉRSTAKLEGA FYRIR 7. – 10. BEKK

**Takið þátt í því sem e.t.v. verður stærsta farsímatilraun í heimi.**

Miðvikudaginn 11. nóvember geta nemendur þínir tekið þátt í því sem e.t.v. verður stærsta farsímakeppni í heimi. Þennan dag á hvert lið að nota farsímann við að leysa nokkur verkefni. Á meðan á keppninni stendur er þekking nemenda á loftslagsmálum könnuð og eiga þeir að svara spurningum sem sendar eru með SMS.

Það eru norrænu menntamálaráðherrarnir, sem standa að loftslagsdeginum og Norræna ráðherranefndin sem veitir verðlaun til þeirra liða, sem leysa verkefnin best.

### FINNIÐ STARFSSYSTKIN Í ANNARS STAÐAR Á NORÐURLÖNDUM

Nýtið Norræna loftslagsdaginn til að mynda tengsl við starfssystkin annars staðar á Norðurlöndunum. Á www.klimanorden.org eru meðal annars upplýsingar um það hvernig unnt er að vinna með öðrum áhugasömum norrænum kennurum um loftslagsmál og skólum þeirra.

### FREKARI UPPLÝSINGAR

Frekari upplýsingar eru á www.klimanorden.org, þar er einnig listi yfir krækjur á fleiri norræna gagnagrunna með kennsluefni um loftslagsmál.

UNI•C
DANMARKS IT-CENTER FOR UDDANNELSE OG FORSKNING

norden
Nordisk Ministerråd

Dansk NATURVIDENSKABS-formidling